

Skaftár- og Mýrdalshreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 27. júní 2016
UST201605-176/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshreppi er barst 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vesturhluta Víkurþorps.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskiplagssvæðið er 7 hektara svæði sem er byggt að hluta. Einnig kemur fram að tilgangur skipulagsins sé að skilgreina notkun svæðisins, lóðarstærðir og aðgengi að lóðum.

Skilmálar um nýja byggð

Umhverfisstofnun tekur undir skilmála um nýja byggð í er fram kemur á bls. 7 í greinargerð, enda eftirsóknarvert að ásýnd svæðisins haldist, og að sjónræn áhrif af nýrri byggð verði ekki neikvæð.

Frárennsli og veitur

Í greinargerð kemur fram að sveitarfélagið er að gera heildarendurskoðun á fráveitukerfi þorpsins. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að komið verði upp tveggja þrepa hreinsun. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að deiliskipulagi fyrir austurhluta Víkur kemur einnig fram að fráveitumál sveitarfélagsins séu í endurskoðun og að til framtíðar sé gert ráð fyrir 3 þrepa hreinsun á fráveitu innan þéttbýlis eða sambærilegu í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Umhverfisstofnun bendir á ósamræmis gætir innan tillagnanna hvað varðar upplýsingar um endurskoðun fráveitu í Vík.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag, enda er hér tillaga að deiliskipulagi þess vesturhluta Víkur er liggur fyrir norðan íþróttavöll, því er vegur að Reynisfjalli ekki innan skipulagstillögunnar.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Birna Guttormsdóttir
Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri